Laugardaginn 28. október árið 1961 var haldinn fundur á ~~hest~~ Nesodda.

Formaður hestamannafélagsins Baldvin Þórarinsson setti fundinn og stjórnaði honum. Í upphafi máls síns bauð hann fundarmenn velkomna og þar sé í lagi Þorkel Bjarnason frá Laugarvatni erindreka Landssambands hestamannafélaga og gaf honum síðan orðið.

Þorkell Bjarnason lýsti ánægju sinni yfir því að eiga stund með hestamönnum í Dölum en gat þess að aðalerindi sitt á þennan fund væri að tengja hestamannafélagið nánari böndum við Landssamband hestamannafélaga.

Ræddi hann því næst ~~tetti~~ gildi og markmið hrossaræktar

og hestamennsku yfirleitt. Kom hann víða við í ræðu sinni og drap á marga þætti hestamennsku og, þá um leið þátt hestamanna félagsins Glaðs í Dölum og þrautseygju félagsmanna að halda uppi þróttmiklu starfi um langan aldur bæði hvað snerti hrossarækt og kappreiðar félagsins.

Þá drap hann á gildi hrossaræktar ~~félag~~ sambanda einkum í sambandi við fjárhagshlið hrossaræktarinnar og taldi Dalamönnum þörf á því að gerast aðilar að slíkum samböndum, og þá sem deild í hrossaræktarsamböndum nærlendis t.d. í Mýra- ~~og~~ Borgarfjarðarsýslu. Með því móti mætti gera ráð fyrir að Dalamenn ættu

aðgang að góðum stóðhestum.
Ráðlagði hann félagsmönnum
að athuga þetta gaumgæfilega
og lagði til að fundarmenn
segðu sitt álit á því, sem hann
hefði drepið á.
Formaður þakkaði Þorkeli ágæta
ræðu og gaf þessu næst orðið
laust. Komu fram ýmsar fyrirspurnir,
sem Þorkell leysti úr, og voru málin
rædd á breiðum grundvelli.
Tóku ýmsir til máls þ. á. m. Gunnar
á Ketilsstöðum. Eggert á Kvennabrekku
og Klemenz í Gröf. Kom það í ljós
að endaþótt Dalamenn hefðu
búið vel af sínum kynbótahestum
gæti verið ótvíræður hagur að
gerast aðilar að hrossaræktar
sambandi, enda ætlu félags-

menn með því móti kost á fjölbreyttari hestum, en verið hefði.

Að lokum skoraði Þorkell á Fundarmenn að mæta vel á Þingvöllum í vor og vera vel ríðandi og láta ekki veturinn líða án þess að grípa ~~gjö~~ stund sem oftast og stíga á bak, svo að hrossin verði í góðri þjálfun að sumri. Bauð hann Dalamönnum að heimsækja þá seinna á ~~á~~ vetrinum.

Þakkaði formaður Þorkeli komuna og sérstaklega nú það sem hann hefði bent á og betur mætti fara í framtíðinni.

~~Fleira ekki tekið~~ Var nú fundi slitið og gengið til kvikmyndarsýningar frá hestamannamótum Þorkell Bjarnason sýndi.

Eggert Ólafsson
fundarritari